

# 40. stjórnarfundur Bergrisans bs.

10. maí 2022

Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 14:00 í fjarfundi á Teams

**Mætt:** Gísli H. Halldórsson formaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustuvæðin Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá skóla- og velferðarsviði Árborgar, Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Melkorka Jónsdóttir velferðasviði Árneshlíða. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður boðaði forföll.

## Dagskrá

### Almenn erindi

#### 1. Erindi frá NPA miðstöð - beiðni um hækkun á jafnaðartaxta NPA samninga

Verkefnisstjóri fer yfir erindi NPA miðstöðvarinnar varðandi beiðni um hækkun á jafnaðartaxta NPA samninga. Hækkun taxta hefur verið samþykkt af Reykjavíkurborg. Stjórn Bergrisans bs. samþykkir að greiða samkvæmt tóxtum NPA. Verkefnisstjóri leggur til samhliða breytingu á taxta vegna beingreiðslusamninga, að taxtinn verði 85% af taxta NPA miðstöðvarinnar. Hækkunin kemur til með að auka útgjöld Bergrisans bs um 28 millj.kr. árið 2022. Verkefnisstjóra falið að tilkynna aðildarsveitarfélögum skiptingu viðbótarútgjalda vegna málsins.

#### 2. Beiðni um aukningu á tímum í notendasamning

Stjórn Bergrisans bs samþykkir að notanda verði boðin nýr samningur frá 1. janúar 2022 í samræmi við tillögu verkefnisstjóra og forstöðumanns skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða m.v. taxta beingreiðslusamninga. Verður beiðnin tekin fyrir þegar að nýju þegar verksali hefur tekið afstöðu til tillögunnar.

#### 3. Beiðni um NPA þjónustuform

Forstöðumaður skóla- og velferðarsviðs Árneshlíða kynnir beiðni um NPA þjónustuform sem er í vinnslu.

#### 4. Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks

Grímsnes- og Grafningshreppur sækir um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks. Stjórn Bergrisans bs samþykkir að verkefnið fái greitt 702.022,- í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins.

## **Fundargerðir til kynningar**

### 5. Fundargerð þjónusturáðs – 153 og 154

153. fundur haldinn 20.04.2022

154. fundur haldinn 02.05.2022

### 6. Fundargerð og samþykktir Arnardrangs hses.

Verkefnisstjóri fer yfir fundargerð stofnfundar Arnardrangs hses. og samþykktir félagsins sem samþykkt var á stofnfundi 13. apríl sl.

Fundi slitið kl: 15:25